



# Stuttur leiðarvísir fyrir þá sem leita

að vinnu /starfi í hótélum,  
veitingahúsum, eldhúsum í  
matarþjónustu eða  
ferðaþjónustu (HRCT) innan  
Norðurlanda



Á Norðurlöndum hafa eftirtalin stéttarsamtök  
kjarasamninga innan ramma HRCT á þessu sviði

**Ísland:**

MATVIS, vegna kokka og þjóna, [www.matvis.is](http://www.matvis.is)

SGS, vegna annarra starfa en kokka og þjóna, [www.sgs.is](http://www.sgs.is)

**Svíþjóð:**

Hotell og Restaurang Facket, [www.hrf.net](http://www.hrf.net)

Unionen, [www.unionen.se](http://www.unionen.se)

**Noregur:**


Fellesforbundet, [www.fellesforbundet.no](http://www.fellesforbundet.no)

**Finnland:**

PAM, [www.pam.fi](http://www.pam.fi)

**Danmörk:**

Privat Service, Hotel og Restauration, [www.3f.dk](http://www.3f.dk)



Þessum litla leiðbeiningarbæklingi er ætlað að gefa þér stutt yfirlit um gildandi launakjör og vinnurétt. Hér átt þú að geta kynnt þér gildandi lágmarkslaun. Við höfum kosið að sleppa reglum um laun í veikindum, í fæðingarorlofi og samningsbundin eftirlaun, þar sem reglur eru mismunandi. Þú getur fengið allar nauðsynlegar upplýsingar við inngöngu í stéttarfélag á staðnum og færð kjarasamninginn afhentan ásamt öðrum nauðsynlegum upplýsingum.

Upphæðir í launaliðnum eru gefnar upp í gjaldmiðli viðkomandi lands.

Á heimasíðu NU HRCT's [www.nu-hrct.dk](http://www.nu-hrct.dk) getur þú fundið frekari upplýsingar um norrænu samböndin og norrænan vinnumarkað ásamt viðeigandi krækjum.

**Mundu að þess er krafist í lögum**, að þú fái ráðningarsamning, þar sem eftirtalin atriði koma fram: starfslýsing, verklýsing/heiti, vikulegur vinnutími og laun o.fl.

Viturlagt er að hafa samband við skattfyrvöld heima fyrir til að unnt sé að fá mat, sem sýnir skatt- og eftirlaunaáhrif, vegna vinnu annars staðar á Norðurlöndum. Um er að ræða fjölda jöfnunarsamninga, sem byggjast á ýmsum forsendum, t.d. ef þú ert gift/kvæntur, átt börn eða býrð í eigin húsnæði og lengd starfstíma. Ef menn vinna í fleiri löndum samtímis, þar sem eitt þeirra er búsetuland, er það meginregla að félagslegar tryggingar gilda þar.

Þegar um atvinnuleysistryggingu er að ræða er meginreglan sú, að menn skulu tryggðir í því landi, þar sem þeir vinna. Í þessu sambandi er vert að hafa hugfast að menn byrja ekki á núlli, þar sem áunnar tryggingar og starfstími eru millifærð frá einni atvinnuleysistryggingastofnun til annarrar innan Norðurlanda.

EES-samningurinn gildir um öll Norðurlönd, en það þýðir, að þú getur leitað þér atvinnu annars staðar á Norðurlöndum í allt að þrjá mánuði\* án þess að missa á meðan rétt á atvinnuleysisbótum frá búsetulandinu.

(\*Frá 1. maí 2010 gilda reglur um dagpeninga í ESB-löndunum (reglugerð) (EB) nr. 883/04. sem veita einstökum löndum möguleika á að lengja tímabilið um 3 mánuði til viðbótar)

Þú átt að sækja um yfirfærslu/tryggingu réttinda þinna á eyðublaði E 303, áður en þú ferð. Athugaðu að vinnumiðlunin má ekki fylla í eyðublaðið fyrr en 4 vikum áður en þú hyggst fara. Vinnumiðlun afgreiðir eyðublaðið í heimalandi þínu. Ef vinnumiðlunin í heimalandi þínu fær eyðublaðið í síðasta lagi 14 dögum fyrir brottför, er unnt að afgreiða eyðublað nr. 303 ca. 1 viku fyrir brottför. Unnt er að bregða út af 4-vikna reglunni við sérstakar aðstæður, - ræddu málið við vinnumiðlunina um þetta.

Hvar finnur þú frekari upplýsingar?

**Danmörk:**

Um félagslegar tr. o.fl. [www.sist.dk](http://www.sist.dk)

Um atvinnuleysi, sjúkradagpeninga: [www.adir.dk](http://www.adir.dk)

**Finnland:**

Um atvinnueftirlaun eyðubl. E 101: [www.etk.fi](http://www.etk.fi)

Um tekjutengd. atvinnul.bætur: [www.tyj.fi](http://www.tyj.fi)

**Ísland:**

Um sjúkratryggingar, o.fl. [www.tr.is](http://www.tr.is)

Um atvinnuleysi: [www.vinnumalastofnun.is](http://www.vinnumalastofnun.is)

**Svíþjóð:**

Um eftirlaun, sjúkrapeninga, o.fl. [www.forsakringskassan.se](http://www.forsakringskassan.se)

Um atvinnuleysi: [www.iaf.se](http://www.iaf.se)

Landamæraþjónusta: [www.gtm.nu](http://www.gtm.nu)

**Noregur:**

Um eftirlaun, sjúkrapeninga, atvinnuleysi o.fl [www.nav.no](http://www.nav.no)

[www.grensetjansten.no](http://www.grensetjansten.no)

Skattar og þjóðskrár á Norðurlöndum:

samnorænn skattaviðmið [www.nordisketax.net/](http://www.nordisketax.net/)

Leit að vinnu:

<http://eures.europa.eu>

Norrænn vinnumarkaður

**Almennar upplýsingar:**

[www.hallonorden.org](http://www.hallonorden.org)

[www.arbeidslivinorden.org](http://www.arbeidslivinorden.org)

[www.udiverden.dk](http://www.udiverden.dk)

[www.syoguiden.com](http://www.syoguiden.com)

[www.oresundsinfo.org/se](http://www.oresundsinfo.org/se)

[www.nordsoc.org](http://www.nordsoc.org)

Við hvetjum þig til að hafa ávalt samband við verkalýðsfélag í þinni starfsgrein, þar sem þú leitar að/færð vinnu. Þú getur fundið upplýsingar um verkalýðsfélög á heimasíðum þeirra, eða hjá þínu félagi heima fyrir áður en þú ferð utan. Það er félagið, sem getur hjálpað þér að fá upplýsingar um réttindi þín og það er hjá því sem þú færð faglega aðstoð, ef þú færð ekki þau laun sem þér ber samkvæmt gildandi kjarasamningum starfsgreinarinnar.

Við vitum að fjöldi fólks fer til starfa í gestamóttökum og sem kokkar og þjónar, til lengri eða skemmri tíma annars staðar á Norðurlönum. Þannig getur fólk aukið þekkingu sína í faginu og kynnst annarri menningu. Slík reynsla er hluti af sameiginlegri hefð í okkar starfsgreinum og eykur þekkingu á faginu. Þessi reynsla skilar sér til gesta, sem sækja vinnustaði okkar í aukinni ánægju með þá þjónustu sem veitt er. Þetta er eykur um leið þekkingu okkar á norrænu hráefni og norrænni matreiðslu- og matarhefðum sem styrkist og breiðist út.

Við hjá samtökunum NU HRCT vonumst til að þessi litli leiðarvísir geti orðið liður í að standa vörð um hefðir og auðveldi mönnum að sækja störf út fyrir landamærin á öruggan hátt.

Norræn matvælaframleiðsla er einstök, Norðurlandaráð hefur komist að raun um mikilvægi hennar og þú getur nálgast frekari upplýsingar á [www.nynordiskmad.org](http://www.nynordiskmad.org)

Gangi þér vel í nýju landi, við viljum mjög gjarnan fá fréttir af reynslu þinni og tókum við góðum hugmyndum. Sendu þær til okkar á netfangið [nordisk.union@3f.dk](mailto:nordisk.union@3f.dk) og við setjum þær á heimasíðuna [www.nu-hrct.dk](http://www.nu-hrct.dk)

Skrifstofa NU HRCT nóveber 2010.



Notes:

